

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Skrifstofa blaðsins
er í Síðumúla 29, 2. hæð,
150 Reykjavík.
Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Árg. kostar 2.500 krónur,
hvert eintak 65 krónur.

Nr. 19 94. ár

Föstudaginn 16. febrúar 2001

Laus störf

Hafnarfjörður.

Laus er til umsóknar ný staða rannsóknarlög-reglumanns við fíkniefnarannsóknir við embætti sýslumannsins í Hafnarfirði. Gert er ráð fyrir að sett verði í stöðuna til að byrja með til reynslu í eitt ár. Umsóknum skal skilað til lögreglustjóra, Guðmundar Sóphussonar, fyrir 24. febrúar 2001. Egill Bjarnason, yfirlögregluþjónn, veitir nánari upplýsingar um stöðuna.

Reykjavík.

Lausar eru til umsóknar fimm nýjar stöður rannsóknarlögreglumanna í fíkniefnadeild embættisins. Unnið verður á sólarhringsvöktum. Gert er ráð fyrir að sett verði í stöðurnar til að byrja með í eitt ár til reynslu. Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn, veitir nánari upplýsingar um stöðurnar. Umsóknum skal skilað til starfsmannastjóra, Guðmundar M. Guðmundssonar, fyrir 24. febrúar 2001.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, [www.logreglan.is](#) undir liðnum „Eyðublöð“.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 8. febrúar 2001.
Ríkislögreglustjórinn.

(1875)

Stefnur

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis,
kt. 440888-1279,
Álfabakka 14, 108 Reykjavík

gjörir kunnugt: að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Jóni Þorleifssyni, kt. 151053-5649, með óþekkt heimilisfang í Hafnarfirði, til heimtu neðangreindrar skuldar.

Dómkrofur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 364.635 með dráttarvöxtum skv. 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 2. desember 1999 til greiðsludags og kr. 5.035 í bankakostnað. Þá er krafist málskostnaðar skv. framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Málflutningsumboð: Jóhannes B. Björnsson, hdl., rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málavextir: Krafan er vegna úttektar stefnda á MasterCard veltukreditkortu nr. 5489-5390-0551-1106 útgefnu af stefnanda, Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Skuld stefnda er vegna úttekta hans á úttektartímabilinu frá 18. október 1999 til 17. nóvember 1999 að fjárhæð kr. 364.635, með gjalddaga þann 2. desember 1999. Stefndi hefur ekki greitt gjaldfallna kortaskuld sína, þrátt fyrir innheimtutilraunir stefnanda og er málshöfðun þessi því nauðsynleg.

Málsástæður og lagarök: Krafa stefnanda er byggð á almennum reglum kröfu- og samninga-

Auglýsing

um deiliskipulag í Reykjavík

Skógarhlíð, svæði sem afmarkast af Litluhlíð í suðaustur, Bústaðavegi í suðvestur, Miklubraut í norðvestur, Eskihlíð og lóðarmörkum Eskihlíðarblokkanna í norðaustur.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að deiliskipulagi lóðanna við Skógarhlíð og Eskihlíð 24 - 28.

Tillagan gerir ráð fyrir töluverðri uppbyggingu á lóðum við Skógarhlíð og nokkrum breytingum á reitnum. Heildar nýtingarhlutfall lóða á svæðinu norðanvestan Flugvallarveggar verði 0,95 en suðaustan hans 0,55. Vegna óvissu um legu Miklubrautar og framkvæmda tengdri breyttri legu hennar er skipulagi frestað á nokkru svæði á norðvestur hluta reitsins (m.a. af lóðum Vatnsmýrarveggar 39 og Eskihlíðar 2-4). Umferðarkerfi svæðisins verður að mestu óbreytt nema hvað bætt er við sérstakri akrein fyrir slökkvilið á gatnamótum Flugvallavegar og Bústaðavegar.

Tillagan gerir og ráð fyrir að tvö hús á svæðinu falli undir ákvæði um hverfisvernd en það eru bensinstöðin að Skógarhlíð 16 og Þóroddsstaðir (Eskihlíð 28).

Tillagan liggur frammi í sal Borgarskipulags og byggingarfulltrúa í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 10.00 – 16.00 frá 16. febrúar til 16. mars 2001. Ábendingum og athugasemdum skal skila skriflega til Borgarskipulags Reykjavíkur eigi síðar en 30. mars 2001.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 16. febrúar 2001.
Borgarskipulag Reykjavíkur.

1991)

Auglýsing

um umferð í Reykjavík

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að hámarkshraði á Gullinbrú milli Höfðabakkabráar og Hallsvegar verði 60 km/klst. Ákvörðun þessi tekur gildi 15. febrúar 2001.

Reykjavík, 7. febrúar 2001.
Lögreglustjórinn í Reykjavík,
Böðvar Bragason.

1993)

Auglýsing

um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Þykkvabæjar í Djúpárhreppi

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 73/1997, er hér með lýst eftir athugasemdum við tillögu að breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Þykkvabæjar í Djúpárhreppi. Deiliskipulagstillaga liggur frammi á skrifstofu Djúpárhrepps, á skrifstofutíma, frá 16. febrúar til 16. mars 2001.

Athugasemdum við skipulagstillöguna skal skila á skrifstofu Djúpárhrepps í síðasta lagi 1. apríl 2001 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

Oddviti Djúpárhrepps.

1810)

réttar um efndir samninga og greiðslu skulda og viðskiptaskilmálum stefnanda vegna MasterCard veltukreditkorta sem lagðir eru fram í málinu. Stefndi er samkvæmt nefndum viðskiptaskilmálum skuldbundinn til þess að greiða skuld fyrir hvert úttektartímabil á gjalddaga og ber skuldin hæstu leyfilegu dráttarvexti komi til vanskila, sbr. 3. og 4. kafla. Kortagjöld, þ.m.t. færslu- og vanskilagjöld skal korthafi greiða samkvæmt gjaldskrá stefnanda, sbr. 8. kafla viðskiptaskilmálanna. Þá vísar stefnandi einnig sérstaklega til 2. og 14. kafla skilmálanna. Stefndi er ekki virðisaukaskattskyldur og getur því hvorki dregið frá né fengið endurgreiddan virðisaukaskatt sem hann greiðir af aðkeyptri lögmannsþjónustu. Því ber honum nauðsyn til að fá

dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Vísað er til a-liðar 1. mgr. 89. gr. eml. nr. 91/1991 um stefnubirtingar en stefndi hefur ekki skráð lögheimili skv. Þjóðskrá og er ekki vitað um dvalarstað hans.

Sönnunargögn: Til sönnunar kröfum sínum leggur stefnandi fram ljósrit úr Lögbirtingablaði því sem stefnan birtist í, útskrift úr Þjóðskrá, reikningsyfirlit, viðskiptaskilmála stefnanda vegna MasterCard veltukreditkorta og gjaldskrá stefnanda og innheimtubréf. Áskilinn er réttur til að leggja fram frekari gögn síðar, nefna aðila til vitna- eða skýrslugjafar gefist tilefni til og að koma að frekari málsástæðum og lagarökum gefist tilefni til.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með ofan-

greindum aðila til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem haldið verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 10. maí 2001, kl. 10.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður. Reykjavík, 22. janúar 2001, f.h. stefnanda, **Jóhannes B. Björnsson** hdl.

(1229

Dómstjórinn í Reykjavík, Friðgeir Björnsson

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Guðlaug Brynja Ólafsdóttir hdl., að hún þurfi f.h. dánar-bús Magnúsar Blöndahl Kjartanssonar, kt. 160230-3399, Stórholti 23, Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á tveimur veðskuldabréfum.

Fyrirsvar: Guðlaug B. Ólafsdóttir hdl., kt. 280762-4749, Kirkjusandi 2, Reykjavík, flytur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi eftirfarandi tvö veðskuldabréf bæði með veði í fasteigninni Stórholt 23, Reykjavík, efri hæð og ris.

Annars vegar er um að ræða veðskuldabréf útgefið í Reykjavík 3. mars 1986 af Sighvati Blöndahl, kt. 050554-4499 til Sverris Sigurjónssonar, kt. 050620-4929, upphaflega að fjárhæð kr. 592.557,90, bundið lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 959 stig. Í vexti af skuldinni skyldu greiðast 3,5% vextir p.a. Skuldina samkvæmt bréfinu skyldi greiða með sjö afborgunum á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti þann 2. febrúar 1987. Skuldin var tryggð með 6. veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni Stórholt 23, Reykjavík efri hæð og ris, en hvílir nú á 2. veðrétti.

Hins vegar er um að ræða veðskuldabréf útgefið í Reykjavík 29. júní 1982 af Sighvati Blöndahl, kt. 050554-4499 til handhafa, upphaflega að fjárhæð kr. 7.500. Í vexti af skuldinni skyldu greiðast 12% vextir p.a. Skuldina samkvæmt bréfinu skyldi greiða með þremur afborgunum á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti þann 15. júní 1983. Skuldin var tryggð með 7. veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni Stórholt 23, Reykjavík efri hæð og ris en hvílir nú á 1. veðrétti.

Málsástæður og önnur atvik: Framangreind skuldabréf segir stefnandi að fullu greidd en frumrit þeirra séu glötuð og hafi ekki fundist þrátt fyrir ítarlega leit. Eiganda fasteignarinnar er nauðsynlegt að fá bréfin ógilt með dómi svo hægt sé að aflétta þeim af eigninni. Stefnandi er eigandi eignarinnar Stórholt 23, Reykjavík, efri hæð og ris, sem veðskuldabréfin hvíla á.

Lagarök: Málið er höfðað samkvæmt heimild í 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn:

- 1. Frumrit ógildingarstefnu.
- 2. Skrá yfir framlögð skjöl.
- 3. Ljósrit veðskuldabréfa.
- 4. Lögbirtingablað það sem stefna þessi birtist í.
- 5. Veðbókarvottorð fasteignarinnar Stórholt 23, Reykjavík, efri hæð og ris.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hverjum þeim sem kann að hafa undir höndum framangreind tvö veðskuldabréf eða telur til réttar yfir þeim, að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við

Lækjartorg í Reykjavík, fimmtudaginn 22. mars 2001 kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til veðskuldabréfanna, þar sem ella má búast við að gangi útivistardómur í málinu og kröfur stefnanda um ógildingu veðskuldabréfanna verði teknar til greina.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 26. janúar 2001. **Friðgeir Björnsson.**

(1518

Dómstjóri héraðsdóms Norðurlands eystra, Freyr Ófeigsson

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Jón Kr. Sólnes hrl., kt. 170648-3079, Strandgötu 29, Akureyri, að hann þurfi fyrir hönd Vilhelms Ágústssonar, kt. 301037-3259, Hindarlundi 2, Akureyri að höfða mál fyrir héraðsdómi Norðurlands eystra til ógildingar á veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur, að ógilt verði með dómi veðskuldabréf upphaflega að fjárhæð gkr. 530.000 útgefið á Akureyri 25. október 1972 af Vilhelm Ágústssyni til handhafa tryggðu upphaflega með 8. veðrétti í fasteigninni Álfabyggð 20, Akureyri, en nú með 1. veðrétti í sömu eign, þinglýst 1972 lítra Z IV 136.

Málavextir og málsástæður: Veðskuldabréfið sem krafist er ógildingar á var upphaflega að fjárhæð gkr. 530.000 útgefið á Akureyri 25. október 1972 af Vilhelm Ágústssyni til handhafa. Veðskuldabréfið átti að endurgreiða á 5 árum, hinn 1. október ár hvert, í fyrsta sinn 1. október 1973. Skuldari skuldbatt sig til að greiða hæstu löglegu vexti frá 20. október 1972 að telja og skyldu vextirnir greiðast árlega eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu skuldarinnar veðsetti útgefandi skuldareiganda með 8. -áttunda- veðrétti og uppfærslurétti fasteignina Álfabyggð 20, Akureyri. Veðskuldabréfinu var þinglýst 1972 lítra Z IV 136.

Framangreint veðskuldabréf segir stefnandi að fullu greitt en frumrit þess sé glatað og hafi ekki fundist þrátt fyrir mikla leit og eftirgrennslan. Vegna þessa hafi ekki verið unnt að afmá veðskuldabréfið úr veðmálabókum og sé honum því brýn nauðsyn á að fá dóm til ógildingar á veðskuldabréfinu svo unnt sé að aflétta því af fasteigninni.

Lagarök: Stefnandi vísar til ákvæða 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 til stuðnings kröfu sinni.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

- 1. Frumrit stefnu.
- 2. Skrá yfir framlögð skjöl.
- 3. Ljósrit veðskuldabréfs.
- 4. Lögbirtingablað, sem stefnan birtist í.
- 5. Þinglýsingarvottorð.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta í héraðsdómi Norðurlands eystra, sem haldinn verður í dómsal embættisins, Hafnarstræti 107, Akureyri, fimmtudaginn 26. apríl 2001 kl. 13.30, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og til að leggja fram gögn af sinni hálfu en ella má búast við að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Akureyri, 6. febrúar 2001. **Freyr Ófeigsson.**

(1834

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Tal hf., kt. 660397-2729, Síðumúla 28, 108 Reykjavík

Stefndi: Bjartmar V. Þorgrímsson, kt. 100251-4189, með lögheimili að Nönnugötu 10, 101 Reykjavík, en óþekktan dvalarstað.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 50.473,- ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 10.380 frá 3. febrúar 1999 til 3. mars 1999, af kr. 23.812 frá 3. mars 1999 til 8. apríl 1999, af kr. 34.725 frá 8. apríl 1999 til 5. maí 1999, af kr. 46.873 frá 5. maí 1999 til 3. júní 1999, af kr. 47.473 frá 3. júní 1999 til 5. júlí 1999, af kr. 48.073 frá 5. júlí 1999 til 5. ágúst 1999, af kr. 48.673 frá 5. ágúst 1999 til 3. september 1999, af kr. 49.273 frá 3. september 1999 til 5. október 1999, af kr. 49.873 frá 5. október 1999 til 3. nóvember 1999, af kr. 50.473 frá 3. nóvember 1999 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Skuldin er skv. framlögðu reikningsyfirliti stefnanda. Málsatvik eru þau, að stefnandi rekur talsímafyrirtæki í Reykjavík og er skuld þessi til kominn vegna ógreiddra símreikninga stefnda hjá stefnanda á neðangreindu tímabilia. Um eftirfarandi reikninga er að ræða:

Nr.	Útgáfud.	Gjalddagi	Fjárhæð
1.	3. feb. 1999	3. feb. 1999	10.380
2.	3. mars 1999	3. mars 1999	13.432
3.	8. apríl 1999	8. apríl 1999	10.913
4.	5. maí 1999	5. maí 1999	12.148
5.	3. júní 1999	3. júní 1999	600
6.	5. júlí 1999	5. júlí 1999	600
7.	5. ágúst 1999	5. ágúst 1999	600
8.	3. sept. 1999	3. sept. 1999	600
9.	5. okt. 1999	5. okt. 1999	600
10.	3. nóv. 1999	3. nóv. 1999	600

Samtals nema framangreindar fjárhæðir kr. 50.473 sem er stefnufjárhæð málsins. Umsaminn gjalddagi í viðskiptum aðila skyldi miðast við dagsetningu reiknings og er dráttarvaxtakrafan í dómkröfunni byggð á því. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefnandi er skv. upplýsingum Þjóðskrár með lögheimili að Nönnugötu 10, 101 Reykjavík, en dvalarstaður hans er óþekktur og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Vísað er til meginreglu kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga, en regla þessi fær m.a. lagastoð í 5., 6. og 28. gr. laga nr. 39/1922. Um gjalddaga kröfunnar er einkum vísað til meginreglu 12. gr. sömu laga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

- 1. Stefnu þessa.
- 2. Skrá yfir framlögð gögn.
- 3. Reikningsyfirlit, dags. 10. maí 2000.
- 4. Innheimtubréf lögmanns stefnanda, dags. 18. maí 2000.
- 5. Birtingavottorð.
- 6. Útskrift úr Þjóðskrá, dags. 29. janúar 2001.
- 7. Eintak þess Lögbirtingablaðs sem stefna þessi birtist í.

Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbúnaður stefnda tilefni til.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á

stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu v/Lækjartorg Reykjavík, þann 29. mars 2001, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvars-manna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 3 sólarhringar.

Reykjavík, 29. janúar 2001.
F.h. stefnanda,
f.h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,
Hlín Lilja Sigfúsdóttir hdl.

(1820

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Tal hf., kt. 660397-2729, Síðumúla 28, 108 Reykjavík
Stefndi: Jónas Sigurðsson, kt. 050756-2389, með lögheimili að Grenimel 9, 107 Reykjavík en óþekktan dvalarstað.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Bjarni Þór Óskarsson, hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 93.113, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 7.664 frá 5. ágúst 1999 til 3. sept. 1999, af kr. 8.264 frá 3. sept. 1999 til 5. okt. 1999, af kr. 33.955 frá 5. okt. 1999 til 3. nóv. 1999, af kr. 93.113 frá 3. nóv. 1999 til greiðsludag. Þá er krafist máls-kostnaðar samkvæmt mati dómsins, en máls-kostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Skuldin er skv. framlögðu reikningsyfirliti stefnanda dags. 10. maí 2000. Málsatvik eru þau, að stefnandi rekur talsímafyrirtæki í Reykjavík og er skuld þessi til komin vegna ógreiddra símreikninga stefnda hjá stefnanda á neðangreindu tímabilia. Um eftirfarandi reikninga er að ræða:

Nr.	Útgáfud.	Gjalddagi	Fjárhæð
1.	5. ágúst 1999	5. ágúst 1999	7.664
2.	3. sept. 1999	3. sept. 1999	600
3.	5. okt. 1999	5. okt. 1999	25.691
4.	3. nóv. 1999	3. nóv. 1999	59.158

Samtals nema framangreindar fjárhæðir kr. 93.113 sem er stefnufjárhæð málsins. Umsam-inn gjalddagi í viðskiptum aðila skyldi miðast við dagsetningu reiknings og er dráttarvaxta-krafan í dómkröfunni byggð á því. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutil-raunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefndi er skv. upplýsingum Þjóðskrár með lögheimili að Grenimel 9, 107 Reykjavík, en dvalarstaður hans er óþekktur og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Vísað er til meginreglu kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga, en regla þessi fær m.a. lagastoð í 5., 6. og 28. gr. laga nr. 39/1922. Um gjalddaga kröfunnar er einkum vísað til meginreglu 12. gr. sömu laga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð gögn.

3. Reikningsyfirlit, dags. 10. maí 2000.
4. Innheimtubréf lögmanns stefnanda, dags. 18. maí 2000.
5. Birtingavottorð.
6. Útskrift úr Þjóðskrá, dags. 29. janúar 2001.
7. Eintak þess Lögbirtingablaðs sem stefna þessi birtist í.

Áskilnaður er gerður um framlagningu frek-ari gagna gefi málatilbúnaður stefnda tilefni til.

Áskorun og viðvörun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu v/Lækjartorg Reykjavík, þann 29. mars 2001, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvars-manna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 29. janúar 2001.
F.h. stefnanda,
f.h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,
Hlín Lilja Sigfúsdóttir hdl.

(1821

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands upp-kveðnum þann 15. janúar 2001, var bú Hesta-skólans ehf., kt. 460898-2189, Ingólfshvoli, Ölfusi, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 19. desember 2000.

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda og annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 6, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-ins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 6, Selfossi 24. apríl 2001 kl. 9.00. Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja frammi á sama stað síðustu vikuna fyrir skiptafund.

Selfossi, 6. febrúar 2001.
Guðjón Ægir Sigurjónsson hdl.,
skiptastjóri.

(958 a

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands, upp-kveðnum 31. janúar 2001, var bú Péturs Sævars Hallgrímssonar, kt. 061150-4479, Kirkjubraut 22, Akranesi, tekið til gjaldþrotaskipta. Frest-dagur við gjaldþrotaskiptin er 8. janúar 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu send-ar skiptastjóra að Borgarbraut 61, pósthólf 12, 310 Borgarnesi.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgarbraut 61, Borgarnesi, miðvikudaginn 16. maí 2001 kl. 14.00. Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum verða lokið á þeim skiptafundi með vís-an til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrota-skipti o.fl.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofunni síðustu vikuna fyrir fundinn.

Borgarnesi, 5. febrúar 2001.
Ingi Tryggvason hdl.,
skiptastjóri.

(1818 a

Eftirtalin eigandi hlutabréfs í SR-mjöli hf., kt. 560793-2279, Kringlunni 7, Reykjavík, hefur farið þess á leit við stjórn félagsins að eftirtalið hlutabréf verði ógilt, þar sem það hefur glatast, og að nýtt bréf verði gefið út í þess stað.

Nr. hlutabréfs	Nafnverð kr.	Eigandi
4647	500.000	Gunnar A. Jóhannsson

Með vísan til 8. mgr. 27. gr. laga um hluta-félög nr. 2/1995 og 6. gr. í samþykktum félags-ins, stefnist hér með handhafa ofangreinds hluta-bréfs til að koma til stjórnar félagsins innan þriggja mánaða frá síðari birtingu áskorunar þessarar og lýsa rétti sínum yfir hlutabréfinu. Gefi enginn sig fram áður en fresturinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur félaginu sam-kvæmt hlutabréfinu og gefið verður út nýtt hlutabréf handa hinum skráða eiganda.

Reykjavík, 6. febrúar 2001.
Ólöf Markúsdóttir.

(1822 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum 26. janúar 2001, var bú Skúla Sigurðs-sonar, kt. 190855-3179, Lyngholti 16, Keflavík, Reykjanesbæ, tekið til gjaldþrotaskipta. Frest-dagur við gjaldþrotaskiptin er 9. nóvember 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröf-um sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-stjóra að Tjarnargötu 2, 230 Keflavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Tjarnargötu 2, 3. hæð, Keflavík, þriðjudaginn 24. apríl 2001, kl. 9.30. Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skipta-fundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skipta-fundinn.

(1826 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum 26. janúar 2001, var bú Bílapartasölu Keflavíkur ehf., kt. 461198-2289, Réttarvegi 10, Höfnum, Reykjanesbæ, tekið til gjaldþrota-skipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 1. desember 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu send-ar skiptastjóra að Tjarnargötu 2, 230 Keflavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Tjarnargötu 2, 3. hæð, Keflavík, þriðjudaginn 24. apríl 2001, kl. 10.00. Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skipta-fundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skipta-fundinn.

(1827 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum 26. janúar 2001, var bú Rafverks ehf., kt. 500271-0199, Tjarnargötu 11, Sandgerði, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjald-þrotaskiptin er 15. desember 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröf-

um sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Tjarnargötu 2, 230 Keflavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Tjarnargötu 2, 3. hæð, Keflavík, þriðjudaginn 24. apríl 2001, kl. 10.30. Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(1828 a

Keflavík, 6. febrúar 2001.
Ásgeir Jónsson hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 16. janúar 2001, var bú Storms, auglýsingastofu, kt. 620771-0239, Skeifunni 7, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin var 8. maí 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Fjarðargötu 11, pósthólf 435, 222 Hafnarfirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Fjarðargötu 11, 3. hæð, Hafnarfirði, þriðjudaginn 8. maí n.k. kl. 9.30. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(1829 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 16. janúar 2001, var bú Íslenska úthafsútgerðarfélagsins ehf., kt. 570267-0199, Bíldshöfða 12, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin var 24. júlí 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Fjarðargötu 11, pósthólf 435, 222 Hafnarfirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Fjarðargötu 11, 3. hæð, Hafnarfirði, þriðjudaginn 8. maí n.k. kl. 10.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(1830 a

Hafnarfirði, 31. janúar 2001.
Valgarður Sigurðsson hrl.,
skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum 26. janúar 2001, var bú Arnar Jónssonar, kt. 120970-2919, Hrísmóum 2b, Garðabæ, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin var 28. nóvember 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Fjarðargötu 11, pósthólf 435, 222 Hafnarfirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að

Fjarðargötu 11, 3. hæð, Hafnarfirði, fimmtudaginn 10. maí n.k. kl. 10.30. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(1831 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum 26. janúar 2001, var bú Ingvars Ásgeirssonar, kt. 290158-5249, Víðihvammi 2, Kópavogi, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin var 18. desember 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Fjarðargötu 11, pósthólf 435, 222 Hafnarfirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Fjarðargötu 11, 3. hæð, Hafnarfirði, fimmtudaginn 10. maí n.k. kl. 10.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(1832 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum 26. janúar 2001, var bú Art-X ehf., kt. 651179-2609, Vesturhrauni 3, Garðabæ, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin var 20. desember 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Fjarðargötu 11, pósthólf 435, 222 Hafnarfirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Fjarðargötu 11, 3. hæð, Hafnarfirði, fimmtudaginn 10. maí n.k. kl. 9.30. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(1833 a

Hafnarfirði, 7. febrúar 2001.
Jón Aðunn Jónsson hrl.,
skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum hinn 20. desember 2000, var bú Ó AHA auglýsingastofu ehf., kt. 461197-2809, Bæjarhrauni 22, Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 29. september 2000. Er hér með skorað á alla, sem til skulda telja í búi þessu, réttinda á hendur því eða eigna í vörslu þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra í pósthólf 646, 222 Hafnarfirði.

Skiptafundur verður haldinn miðvikudaginn 18. apríl 2001, kl. 9.00, á skrifstofu skiptastjóra að Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði. Á framan-greindum skiptafundi verður fjallað um málefni búsins, þ. á m. ráðstöfun eigna, lýstar kröfur og afstöðu til þeirra, og ákvarðanir teknar um önnur mál, er það varðar, þ. á m. um hugsanlegar máls-höfðanir af þess hálfu.

Skrá um lýstar kröfur í búið mun liggja frammi á skriftstofu skiptastjóra viku fyrir boðaðan skiptafund. Hafi athugasemdir eða and-mæli gegn afstöðu skiptastjóra til lýstra krafna, eða skipunar þeirra í skuldaröð, ekki komið fram í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, telst af-staða hans endanlega samþykkt við skiptin.

(1141 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum hinn 21. desember 2000, var bú Réttis og sléttis ehf., kt. 650298-2339, Suðurhrauni 2a, Garðabæ, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við

gjaldþrotaskiptin er 29. september 2000. Er hér með skorað á alla, sem til skulda telja í búi þessu, réttinda á hendur því eða eigna í vörslu þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra í pósthólf 646, 222 Hafnarfirði.

Skiptafundur verður haldinn miðvikudaginn 18. apríl 2001, kl. 10.00, á skrifstofu skiptastjóra að Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði. Á framan-greindum skiptafundi verður fjallað um málefni búsins, þ. á m. ráðstöfun eigna, lýstar kröfur og afstöðu til þeirra, og ákvarðanir teknar um önnur mál, er það varðar, þ. á m. um hugsanlegar máls-höfðanir af þess hálfu.

Skrá um lýstar kröfur í búið mun liggja frammi á skriftstofu skiptastjóra viku fyrir boðaðan skiptafund. Hafi athugasemdir eða and-mæli gegn afstöðu skiptastjóra til lýstra krafna, eða skipunar þeirra í skuldaröð, ekki komið fram í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, telst af-staða hans endanlega samþykkt við skiptin.

(1142 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum hinn 21. desember 2000, var bú Rafmagns og stáls ehf., kt. 440997-2529, Bik-hellu 5, Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 8. nóvember 2000. Er hér með skorað á alla, sem til skulda telja í búi þessu, réttinda á hendur því eða eigna í vörslu þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfu-lýsingar skulu sendar skiptastjóra í pósthólf 646, 222 Hafnarfirði.

Skiptafundur verður haldinn miðvikudaginn 18. apríl 2001, kl. 14.00, á skrifstofu skiptastjóra að Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði. Á framan-greindum skiptafundi verður fjallað um málefni búsins, þ. á m. ráðstöfun eigna, lýstar kröfur og afstöðu til þeirra, og ákvarðanir teknar um önnur mál, er það varðar, þ. á m. um hugsanlegar máls-höfðanir af þess hálfu.

Skrá um lýstar kröfur í búið mun liggja frammi á skriftstofu skiptastjóra viku fyrir boðaðan skiptafund. Hafi athugasemdir eða and-mæli gegn afstöðu skiptastjóra til lýstra krafna, eða skipunar þeirra í skuldaröð, ekki komið fram í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, telst af-staða hans endanlega samþykkt við skiptin.

(1143 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum hinn 21. desember 2000, var bú Model magasin ehf., kt. 540395-2099, Gunnarssundi 4, Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 14. nóvember 2000. Er hér með skorað á alla, sem til skulda telja í búi þessu, réttinda á hendur því eða eigna í vörslu þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra í pósthólf 646, 222 Hafnarfirði.

Skiptafundur verður haldinn miðvikudaginn 18. apríl 2001, kl. 15.00, á skrifstofu skiptastjóra að Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði. Á framan-greindum skiptafundi verður fjallað um málefni búsins, þ. á m. ráðstöfun eigna, lýstar kröfur og afstöðu til þeirra, og ákvarðanir teknar um önnur mál, er það varðar, þ. á m. um hugsanlegar máls-höfðanir af þess hálfu.

Skrá um lýstar kröfur í búið mun liggja frammi á skriftstofu skiptastjóra viku fyrir boðaðan skiptafund. Hafi athugasemdir eða and-mæli gegn afstöðu skiptastjóra til lýstra krafna, eða skipunar þeirra í skuldaröð, ekki komið fram í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, telst af-staða hans endanlega samþykkt við skiptin.

(1144 b

Hafnarfirði, 24. janúar 2001.
Ólafur Rafnsson hdl.

